Verkalýðsblaðið

3. tölublað 10. árgangur 29. mars 1981 Verð kr 4.oo

Eining á Akureyri:

Barist fyrir auknu lýðræði

tillögur fá 30% — 40% fylgi

Að undanförnu hefur staðið yfir allmikil umræða og barátta um lýðræði innan Verkalýðsfélagsins Einingar við Eyjafjörð. Tilefni baráttunnar eru nokkrar lagabreytingartillögur sem níu félagar lögðu fyrir aðalfund félagsins sem haldinn var 15. mars sl.



Tillögur þessar voru sendar stjórn félagsins í janúar sl. og um leið dreift á fjölmarga vinnustaði á Akureyri og sendar einstaklingum í svæðisdeildum félagsins við Eyjafjörð. Auk þess hafa verið haldnir í félaginu tveir fundir fyrir aðalfundinn, þar sem þessar tillögur voru ræddar, á síðari fundinum í umræðuhópum. Tillögumenn breyttu tillögunum nokkuð frá upphaflegu formi til að koma til móts við ýmsar ábendingar og gagnrýni frá almennum félögum.

Efni tillagnanna var rakið í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins, en við þá upptalningu má bæta, að ein tillagan fjallaði um að trúnaðarmannaráð félagsins skyldi ekki kosið almennri kosningu í félaginu eins og nú er, heldur á vinnustöðunum.

Allar tillögurnar voru felldar. Þær fengu frá 30 til 40% atkvæða, en lagabreytingar þurfa 66,7% atkvæða til að öðlast gildi.

Stórskotalið og sleggjudómar.

Jón Helgason var helsti talsmaður andstæðinga tillagnanna. Heldur var fátt um rök í málflutningi hans, og varð því að grípa til annarra ráða. Fyrsta ráðið var að fá stórskotalið að sunnan til að skjóta tillögurnar á kaf. Á annan félagsfundinn fyrir aðalfundinn mætti Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, og vann hann það helst til afreka að hóta félagsmönnum Einingar því, að miðstjórn ASÍ mundi ekki staðfesta þessar breytingar, þótt þær yrðu samþykktar í félaginu. Á aðalfundinn mætti Þórir Daníelsson, framkvæmdastjóri Verkamannasambandsins. Hann lagði mesta áherslu á að það væri engin þörf á svöna breytingum, því að miðstjórnin í ASÍ og skipulagsnefnd ASÍ ynnu nú að mjög lýðræðislegum breytingum á lögum og skipulagi ASÍ og verkalýðsfélaganna.

En svo var griðið til enn ódýrari meðala, því að óttinn var mikill. Á fundum voru tillögumenn stimplaðir reynslulausir og þekkingarsnauðir fljótfærir og frægðarsjúkir. Á vinnustöðunum var dreift alls kyns sögum um tillögurnar og flytjendur þeirra, þeim gerðar upp pólitískar skoðanir og flokkspólitískur tilgangur með tillögugerðinni. Þetta hafði sín áhrif við smölun á aðalfundinn, enda varð þar fjölmenni mikið af fólki sem ekki hefur sést á fundum í félaginu síðan um árið, þegar Jón Helgason þurfti á því að halda til að yfirtaka félagið úr höndum Jóns Ásgeirssonar.

Ekkert hlaut náð fyrir augum forystunnar.

Þeir sem lögðu fram lagabreytingartillögurnar lögðu einnig fram ýmsar ályktunartillögur, bæði um innri málefni og einnig um önnur mál, svo sem efnahags- og kjaramál,

framhald á baksíðu

Bónusverkfall á Vestfjörðum **baksíða**

Átök risaveldanna **opna**

Rýrna kjör sjómanna? **2**

Frá 2. þingi Kommúnistasamtakanna **3**

Stéttabaráttuhópurinn

Hópur fólks sem kallar sig "stéttarbaráttuhópinn" hefur staðið fyrir róttækri afstöðu innan ASÍ. Vann hópur þessi m.a. að ýmsum tillögum er lagðar voru fyrir síðasta ASÍ-þing. Hefur hópurinn síðan gefið út eitt fréttabréf sem í voru greinar eftir Guðmund Sæmundsson og Árna Sverrisson. Annað tölublað er í vinnslu og því væntanlegt nú alveg á næstu dögum.
Verkalýðsblaðið hvetur félagsmenn í verkalýðshreyfingunni til að hafa samband við hópinn og vinna þannig að hagsmunamálum sínum.
Hafa má samband við Hálfdán Jónsson: 28162 Rúnar Sveinbjörnss.:18407.

-/ess.

Hlutverk herstöðvarinnar

Ekki hafa enn orðið breytingar á stjórnlist risaveldanna á N-Atlantshafinu. Þau ætla að takast á um GIUK-hliðið (Grænland, Ísland, Bretland).

En vaxandi herstyrkur Sovétmanna á Kolaskaga hefur alið af sér miklar tækniframfarir hjá NATO. Bandalagið hefur komið sér upp allgóðu hlustunar- og könnunarkerfi í GIUK-hliðinu og er Ísland hlekkur í því. Nýjustu viðbætur við kerfið eru SOSUS-hlustunartæki, fullkomnari Orionvélar og AWACS-vélarnar umtöluðu sem eru ratsjár og tengistöðvar í eftirlitsstörfum en stjórnstöðvar og eftirlitsstöðvar í hernaði. NATO stefnir í að reyna að færa átakalínuna nær Sovétríkjunum og má þar nefna fyrirhugaða eflingu flotans. Þótt eftirlitskerfi NATO sé nú fullkomnara en áður má ekki gera of mikið úr því. Slíkt kerfi er mjög í hættu og má lítið út af bera ef tekst að gera einhvern hluta þess óvirkan. NATO skortir mjög varnir þar sem stöðvar eru í kerfinu t.d. á Íslandi. Auk þess er kerfið lítils virði eitt sér, en NATO vantar mikið upp á að geta fylgt eftir viðvörun frá kerfinu vegna þess að NATO-flotinn er dreifður, langt undan og afar úreltur á mörgum sviðum. Hernaðarframfarirnar hjá NATO stefna Íslandi í meiri hættu en áður, því Sovétmönnum er mikið í mun að gera eftirlitskerfi NATO sem óvirkast í styrjöld og ná fótfestu í miðju GIUK-hliðinu. Hvorugt kallar nauðsynlega á kjarnaárás - eins og sífellt er klifað á, þótt svo geti vissulega farið. Svör Sovétmanna við skákbrögðum NATO hér norðurfrá eru fróðleg. Þeir hafa lagt kapp á að smíða meðaldrægar árásarflugvélar, meðal drægar kjarnaflaugar (SS-2o) og afar öflug skip sem skáka því besta hjá NATO s.s. fullkomin flugmóðurskip, mjög stór eldflaugabeitiskip, risakafbáta og fl. Þetta er í samræmi við stöðuna. Allt tal um "Ísland sem hlekk í nýju árásarkerfi NATO" (sjá Þjóðviljann) er fremur villandi. Bæði er langt í að NATO geti fært átakalínuna nær Sovétríkjunum

framhald á síðu 6

Helgi Bergs, bæjarstjóri, tekur við yfirlýsingu foreldra um stuðning við fóstrur. Sjáið þið svipinn?
(Ljósm. Dagur)

Ávöxtur fóstrabaráttu:

Foreldrafélag stofnað

Fóstrur sigruðu í kjaradeilu sinni við yfirvöld Akureyrarbæjar í krafti sinnar eigin einbeitni og samstöðu. Þó má ekki vanmeta þann þátt, hve foreldrar sýndu þeim sterka samstöðu og stuðning, þegar út í hart var komið.

Félagar úr nýstofnaðri jafnréttishreyfingu á Akureyri höfðu frumkvæði að því að foreldrar komu saman og var haldinn mjög fjölmennur fundur á dagheimilinu Pálmholti kvöldið eftir að uppsagnir fóstra komu til framkvæmda. Þar mættu fulltrúar bæjarins og skýrðu sitt mál, og einnig fulltrúar frá fóstrum sem útskýrðu kröfur sínar og hröktu rök bæjarfulltrúanna. Fundur þessi samþykkti síðan stuðning við kröfur fóstra.

Daginn eftir mætti fjöldi foreldra með börn sín í húsakynni bæjarráðs, sem einmitt ætlaði að fara að ræða þetta mál. Þessi aðgerð hefur áreiðanlega haft sitt að segja um það að næstu nótt gekk bærinn að kröfum fóstra.

En foreldrum fannst ekki nóg að gert. Kvöldið eftir undirritun samninga héldu þeir undirbúningsfund að stofnun foreldrafélags í Alþýðuhúsinu, þar sem mættu margir foreldrar. Foreldrafélag þetta á að ná til foreldra allra barna á dagvistarstofnunum og einnig til foreldra þeirra barna sem eru á biðlistum og/eða í umsjá dagmæðra. Tilgangur félagsins verður einkum að þrýsta á um úrbætur í dagvistarmálum. Stofnfundur er fyrirhugaður 24.mars og er sá dagur valinn til að minnast dagvistargöngunnar miklu í R.vík fyrir tveim árum. Undirbúningsstarfið fer fram í starfshópum og gengur það vel, að sögn aðstandenda.

Akureyri 17/3 - F.

Misnotkun spjaldskrár?

Ekki er þátttaka Kommúnistasamtakanna í kvennabaráttunni rismikil - á því þarf að verða breyting. Misgóðar gjörðir í fortíðinni eiga ekki að setja hand- og fótajárn á áhugafólk úr röðum kommúnista um jafnréttisbaráttuna.

Þetta er augljósara nú en oft áður. Smásamtökum á borð við Fylkinguna hefur tekist að gefa út bók (þýdda) um "Kvennfrelsi og sósíalisma". Um hana þyrftu menn að deila og kommúnistar í KS ættu að semja bækur eða blaðagreinar sjálfir um sama efni. Vonandi hafa þeir nú orðið hlutlægara viðhorf til sjálfra sín og marx-leninismans en kemur fram í ritdómi eins þýðanda Fylkingarbókarinnar í Neista:

"Sjónarmið, kröfur og baráttuaðferðir Fjórða alþjóðasambandsins eru fjarska skynsamlegar eins og vænta mátti - og mjög í anda Trotský sáluga".

Reyndar er tilefni þessa greinarkorns það að Neisti datt inn um bréfarifu á heimili einu, merkt konu sem þar býr og er ekki áskrifandi Neista, en á skrá Rauðsokkahreyfingarinnar. Svo virðist sem félagar Fylkingarinnar hafi ákveðið að senda málgagn sitt með efni um kvennabaráttuna til ýmissa (allra?) félaga Rsh. Slík vinnubrögð eru röng og ólýðræðisleg, ef sönn eru. Er skemmst að minnast misnotkunar Alþýðubandalagsins á skrá SINE og mótmæla Fylkingarinnar af því tilefni. Kommúnistasamtökin mótmæltu þá og heimta vonandi að Neisti geri hreint fyrir sínum dyrum.

-t.

Rýrna kjör sjómanna?

Skipshöfnin á togaranum Guðbjarti frá Ísafirði hefur reiknað út fiskverðshækkunina eins og hún kom út á þeirra skipi frá áramótum fram til ákvörðunar fiskverðs í lok febrúar. Að sögn Hrafns Norðdahls, háseta, reyndist hækkunin vera á bilinu 14-15%. Hin opinbera fiskverðshækkun var hins vegar 18%.



Unnið við löndun á fiski úr línubátnum Orra á Ísafirði.

Verð hækkar á sjaldgæfum fiski.

Skýringuna á þessum mun taldi Hrafn m.a. vera þá, að ýmsar fisktegundir, sem lítið veiðist af, hafi hækkað mest. T.d. hefði verð á hlýra hækkað um 90%, en sá fiskur veiðist aðeins í mjög litlum mæli. Blálanga hækkaði um ein 80% og hefði veiðin á henni reyndar heldur aukist.

Stærðarmörkum breytt.

Hrafn Norðdahl sagði einnig, að stærðarmörk milli 1. og 2. flokks fisks hefðu verið færð upp um 1 kg, úr 4 kg í 5 kg meðalþyngd og kæmi það ver út fyrir sjómenn. Sagðist Hrafn ekki skilja þá ákvörðun, þar sem millifiskurinn væri líklega besti fiskurinn, sem unninn væri í frystihúsunum.

Hrafn álítur, að kjör togarasjómanna hafi rýrnað mjög undanfarin 3 ár. Það komi m.a. fram í því, að menn taki minni frí en áður.

Fréttaritara finnst þessi brögð, óneitanlega minna nokkuð á þær hundakúnstir, sem auðvaldið hefur lengi beitt við að falsa vísitölu framfærslukostnaðar til að halda launatekjum fjöldans niðri.

Falsað fiskmat á Ísafirði?

"Þetta er nú bara það sama og þeir gera hérna" sögðu tveir vestfirðingar er þeir lásu grein VBL um aðferðir við fiskmat á Suðurnesjum, þar sem vera kann að fiskur sé "metin upp" í fiskvinnslum.

Fréttaritari.

Úr starfinu

Nú er loks komið á hreint, eftir mikið jaml og japl, að sá fulltrúi afganskra skæruliða sem menn reyndu að fá hingað, mun ekki koma til landsins. Orsökina er að finna í stirfni franskra yfirvalda. Afganinn þarf leyfi þeirra til Íslandsferðar, ef hann ætlar sér að snúa til Frakklands á ný. Af einhverjum orsökum var leyfisáritun ekki fáanleg.

Þetta er í annað sinn sem heimsókn afgana fer út um þúfur. Við svo búið má ekki una. Okkur er kunnugt um að verið sé að leita uppi fulltrúa skæruliða sem aðsetur hefur á Norðurlöndum. Vonandi gengur það vel, því nú er brýnna en oft áður að styðja frelsisbaráttuna í Afganistan, þar sem um 350 þús. afganir hafa fallið fyrir Sovétmönnum og leppum þeirra.

2. þing Kommúnistasamtakanna var haldið 7. mars í Reykjavík. Þingið var opið öllum félögum KS, en ekki með fulltrúasniði eins og áður. Voru þar m.a. ræddar ýmsar breytingar á samtökunum og verkefni þeirra. Er lesendum VBL vísað á frásögn af þinginu í þessu tbl.

Þrjú helstu verkefni KS framundan eru þessi: Þátttaka í fundi Samtaka herst. andstæðinga 29.3. í Rvk, undirbúningur 1. maí og útgáfa stefnuskrárdraga samtakanna. Fallið hefur verið frá fjölritun þeirra - þau verða birt sem fylgirit með VBL og rædd eftir það. Dálítið líf er í vísinum að andstöðu við sáttastefnu verkalýðshreyfingarinnar - Stéttabaráttuhópnum.

14.3. fms/a.

Verkalýðsblaðið

Útgefandi: Kommúnistasamtökin
Ritstjóri: Ari Trausti Guðmundsson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14 (í húsnæði Októberbúðar)
Opnunartími: kl.15-17 á þriðjud. og 16-18 á fimmtud.
Sími: 29212
Pósthólf: 5186 125 Reykjavík
Girónr.: 12200-9
Prentað í prentsmiðju blaðsins

Kauprán og valdníðsla

Hvað skyldu atvinnurekendur þurfa að klípa mikið af rekstrarfé heimila sinna til að úr verði "slæm greiðslustaða atvinnuveganna"? Þessa er spurt vegna þess að kjörnir eða sjálfskipaðir fulltrúar launafólks draga nær aldrei síbylju gróðaaflanna um taprekstur í efa. Þeim finnst sjálfsagt að launafólk beri byrðar þegar atvinnurekendum gengur illa við arðránið og stjórnleysi framleiðslunnar er að keyra allt um koll. Og launafólk fær mest allt fargið á sínar herðar. Það sést á gegndarlausu kaupráni frá launafólki og fjáraustri í hjálparsjóði handa fyrirtækjunum. Gatslitnar mótbárur stjórnarflokkanna við ásökunum um kauprán eru félagsmálapakkar og spár um hækkandi kaupmátt. En þær blekkingar duga ekki til lengdar. Sumt er bitastætt í pökkunum og sumir fá nokkrar prósentur kaupránsins greiddar til baka. En menn þurfa fé milli handa en ekki leyfi fyrir hærra húsnæðisláni til þess að láta enda ná saman og svo eru félagslegar umbætur ekki skiptimynt fyrir kauprán. Auk þess vita flestir að þjóðhagsspár eru byggðar á vísitölu framfærslu sem er margfölsuð og svo gömul að grunni til að hún mælir alls ekki nútíma neyslu launafólks. Mest er ábyrgð Alþýðubandalagsins á þessu, því sá flokkur þykist vera málsvari verkalýðsins og fánaberi jafnréttis og sósíalisma.

Aukinni óánægju í verkalýðshreyfingunni er mætt með jafnari valddreifingu flokka eins og sást á ASÍ-þinginu og síminnkandi lýðræði en æ meiri völdum toppmannanna. Fáir launamenn treysta orðið hreyfingu sinni, ekki hvað síst þegar baráttutilraunir eru barðar niður eins og verkfall grafískra sveina og farmanna, eða láfin liggja í þagnargildi eins og verkfall banka manna. Núna brýst óánægjan út í kröfum í verkalýðsfélaginu Einingu á Akureyri um aukið lýðræði, í kröfum BSRB-manna um atkvæðagreiðslu um mikilvægan kjarasamning, í bónusverkfalli á Vestfjörðum og í höfnun bókagerðarmanna á aðild að ASÍ.

Kommúnistasamtökin og Verkalýðsblaðið hvetja baráttusinna til að styðja framsækna baráttu í verkalýðshreyfingunni. Við viljum flest nýjan verkalýðsflokk sem getur snúið vörn í sókn og hann verðum við að búa til sjálf.

-agé.

1. maí: Hvernig samfylking?

Frá kröfugöngu sem Kommúnistaflokkurinn og Fylkingin stóðu sameiginlega að á 1. maí.

Nú er um mánuður til 1. maí. Af fyrri reynslu má ætla að ekki sé seinna vænna að hefja umræður er leitt gætu til samstöðu um aðgerðir þann dag

Ég vil í þessari grein viðra hugmyndir mínar um þær kröfur sem við þurfum að setja á oddinn og þær leiðir er ég tel vænlegastar til að koma þeim á framfæri. Að mínu mati koma margvísleg form á aðgerðum til greina, en aðeins ein leið er ótæk - sú sérviska vinstrimanna sem undanfarin ár hefur birst í 2-3 aðskildum aðgerðum þeirra.

Í fyrsta lagi þá eiga vinstrimenn að standa saman að aðgerðum. Það hefur sýnt sig að ágreiningur okkar er ekki slíkur að hann réttlæti þann klofning sem ríkt hefur. Við getum vel gengið í sömu göngu og sagt allt sem við viljum segja. Ef einhverjum er það sálu-hjálparatriði má e.t.v. aðgreina hópa er haldi uppi sérkröfum.

Nauðsynlegt er að gefa út dreifirit um margvísleg mál. Ekki er nauðsynlegt að sömu aðilar standi að öllum dreifibréfunum og getum við hverju sinni fengið til liðs við okkur, félög eða hópa sem taka aðeins afstöðu til einstakra mála, svo sem verkalýðsmála, hermálsins, jafnréttis og skólamála.

Við skulum hætta að líta á verkalýðshreyfinguna sem eitthvert einkafyrirtæki verkalýðsforkólfanna. ASÍ og BSRB eru okkar félög og innan þeirra setjum við fram kröfur okkar og berjumst við. Rétt eins og við mætum á félagsfundi verkalýðshreyfingarinnar og setjum fram kröfur okkar þar, þá gerum við slíkt hið sama á útifundum hreyfingarinnar. Við þurfum ekki að koma okkur saman um, eða rífast við einn eða neinn um það hvað við letrum á þá borða er við komum með í gönguna. Í kröfugöngunni sjálfri stöndum við verkalýðsforystunni jafnfætis við að koma kröfum okkar á framfæri. Rétt eins og verkalýðsforystan, brykkjum við afstöðu okkar á borða og löbbum með þá í göngu verkalýðshreyfingarinnar, - einfalt mál.

Á útifundinum sjálfum er hins vegar líklegt að málfrelsi okkar verði takmarkað af geðþótta þeirra er fyrir honum standa, - því er sjálfsagt að vinstri menn haldi sinn eigin útifund eða innifund á eftir, til að koma afstöðu sinni betur á framfæri.
Til þess þarf opinn undirbúningsfund, þar sem ákveðið sé hverjir haldi ræður, en ræðumenn segja svo hver sína skoðun.

Soffía Sigurðardóttir.

Frá 2. þingi Kommúnista samtakanna

Öðru þingi Kommúnistasamtakanna (KS) er nýlega lokið. Til þess var boðað vegna mjög mikillar óvissu um stöðu og framtíð þeirra um þessar mundir. Á þinginu voru gerðar nauðsynlegar skipulagsbreytingar, en auk þess urðu nokkrar umræður um framtíð og stöðu samtakanna.

Kjörin var ný stjórn KS og hefur hún þegar komið saman. Ari T. Guðmundsson lætur nú af störfum sem formaður KS, en mun framvegis vera einn af 3 talsmönnum þeirra. Hverjir aðrir talsmenn verða er enn óráðið. Um sinn geta þeir sem hafa vilja samband við KS snúið sér til Arnórs Sighvatssonar (s. 28904) eða til Ara.

Samtökin munu á næstunni leggja megináherslu á tvennt: Eflingu Verkalýðsblaðsins og umræðu og stefnumótun. Jafnframt stefna KS að þátttöku í daglegri baráttu eftir því sem kraftar leyfa.

Þingið staðfesti vilja félaga KS til að stöðva flóttann, skipuleggja undanhaldið, efla varnir og loks snúa vörn í sókn.

Ákvörðun um skipulagsbreytingar á Kommúnistasamtökunum.

2. þing KS hefur ákveðið verulegar skipulagsbreytingar á samtökunum í samræmi við núverandi umsvif þeirra. Þessar breytingar miðast við það að einfalda skipulagið til þess að gera það virkara og meðfærilegra.

Það skipulagsform sem KS völdu sér í upphafi tók í stórum dráttum mið af hinni leníníska skipulagskenningu, með virkar grunneiningar og öfluga miðstýringu. Rétt er að taka fram að þessar skipulagsbreytingar þýða í sjálfu sér ekki að Kommúnistasamtökin hafi skipt um skoðun í skipulagsmálum. Það væri að gera nauðsyn að dyggð, ef núverandi skipulagsform væri ætlað til frambúðar. Hinsvegar var það orðið ofviða núverandi kröftum og í samræmi við fræðilega stöðu KS.

Þar sem dregið hefur úr mætti KS allverulega undanfarið, bæði hvað varðar félagafjölda og virkni, var það viðamikla miðstjórnar og aðgerðarkerfi sem var fallið um sjálft sig. Það hentar vel virkum, verkum hlöðnum og baráttuglöðum byltingarsveitum sem grípa þufa inní flesta þætti dægurbaráttunnar, en þeim samtökum sem nú standa dálítið ráðleysislega á krossgötum hæfir betur léttara skipulagsform.

Í stuttu máli eru breytingarnar í því fólgnar, að í stað miðstjórnar og framkvæmdanefndar miðstjórnar er nú kjörin ein 3ja manna stjórn, sem hefur umsjón með fjármálum, fræðslustarfi og annari starfsemi. Hinsvegar starfar kjörin ritnefnd Vbl. og verður lögð mikil áhersla á að efla hana.

-as.

Verkfallsréttur er mannréttindi

Um alllangt skeið hafa launamenn í Bandalagi háskólamanna rætt um það hvort þeir skuli verða sér úti um samnings- og verkfallsrétt. Þykir sumum það ekki ofrausn, enda raun af því að búa við algjört ósjálfstæði í kjarabaráttu og algeng grunnlaun á bilinu 5500 - 7500 kr. á mán.

BHM hélt ráðstefnu um þessi mál sl. haust, en hún vakti ekki umtalsverðar hræringar. Þá fjallaði fulltrúaráðsfundur launamanna í BHM um verkfallsrétt í febrúarlok. Rúml. 2o félög áttu þar fulltrúa. Kom fram í máli þeirra að fremur lítill áhugi virðist vera á stefnumótun varðandi samnings- og verkfallsréttinn í félögunum. Eindregnastur var áhugi á verkfallsrétti í a.m.k. fjórum þeirra, þ.á.m. í einu stærsta aðildarfélaginu, Hinu ísl. kennarafélagi.

Í nokkrum félögum ríkti efi á gagnsemi verkfallsréttar og vildu þar sumir að ríkinu yrði látið eftir frumkvæði að breytingum á núverandi skipan mála. Í allmörgum félögum virðist meirihluti manna vera andsnúinn verkfallsrétti. Er því ekki ljóst hvort launamálaráð muni fara fram á viðræður við ríkið um nýskipan samningsréttar á næstunni.

Í raun væri áhugavert að greina hvers vegna ástand innan BHM er svona dauflegt og baráttuandinn lítill. Menn þola bótalítið hverja kjaraskerðinguna á fætur annarri. Hvað kennara varðar, kann verkfallsréttarmálið að ýta undir úrsögn HÍK úr BHM og sameiningu við önnur kennarasambönd.

Félagar Kommúnistasamtakanna í BHM hafa ávallt stutt hugmyndir um verkfallsrétt launafólks í BHM.

-fréttaritari

30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. ma
30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. ma
30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. ma

Fróðleiksmolar um K- sprengjur

Hvað gerist?

Það er snöggur kjarnaklofningur eða kjarnasamruni sem framkallar sprengingu í kjarnahylki því sem við nefnum kjarnorkusprengju. Við sprenginguna myndast margra milljóna stiga hiti á sprengistaðnum sem oftast er í nokkur hundruð metra hæð yfir jörðu. Um leið verður til þrýstibylgja sem þýtur með miklum hraða í loftinu eins og sístækkandi kúla. Áhrifunum má líkja við ofsavind með mörg hundruð km. hraða á klst. sem minnkar með aukinni fjarlægð. Kjarnaagnir þjóta með ljóshraða frá sprengistað í allar áttir. Það er hin svokallaða geislun t.d. gammageislun. Agnirnar ná að smjúga víða og geta valdið brunasárum, snöggum dauða, hægfara innanmeinum og dauða, langvinnum erfðaskemmdum eða bara óþægindum - allt eftir fjarlægð frá sprengistað og skýlingu mannanna.

Hætturnar margar.

Til viðbótar þessu þeytir sprengingin upp súlu úr dusti, vatnsgufu ofl, sem mengast vegna geislunar og dreifist fyrir vindi í ákveðna átt. Þetta geislavirka úrfelli sest á jörðina eftir ákveðinn tíma og veldur geislun á þeim stöðum, og er hættuleg lífverum í 2-3 vikur. Mjög nálægt sprengistað er jörð hins vegar geislavirk mun lengur

Hættan af K-sprengjum er bundin:
1. Blossanum - hann getur blindað lífverur.
2. Hitanum - hann brennir og kveikir í.
3. Þrýstibylgjunni - hún þeytir til hlutum og brýtur þá.
4. Augnabliksgeisluninni í fáeinar sekúndur.
5. Geislavirku úrfelli í vikur eða lengur.

Mörgu má verjast.

Blossinn er í raun hættuminnstur því honum má verjast með því að skýla augunum. Hitinn minnkar hratt með aukinni fjarlægð, en hann veldur mörgum eldsvoðanum í byggð og hitar illþyrmislega upp loftölduna frá sprengingunni. Þrýstibylgjan er einna ógnvænlegust, 5-6oo km vindhraði er í næsta nágrenni sprengingarinnar, en hún dofnar mjög hratt með aukinni fjarlægð.

Allri geislun má verjast, helst með því að vera í niðurgröfnu skýli.

Geislamagnið er venjulega haft 5ooo rem í sprengistað. Öll geislun frá 5ooo rem til 6oo rem er bráð- eða seigdrepandi fyrir flestalla sem fyrir henni verða. 5oo rem geislun veldur dauða 5o% manna, en geislun frá 5o rem til 2oo rem er talin hættulítil. Kjallari í ísl. fjölbýlishúsi sem er talinn hafa skýlistuðul loo á að geta varið alla fyrir 5oo rem geislun og dugar sæmilega fyrir allt að looo rem geislun, sérstaklega þar sem skýlistuðullinn er í raun hærri fyrir mikið af því húsnæði sem tiltækt er til skýlagerðar. Geislavirkt úrfelli dofnar allhratt.

2-3 vikna innivera í 5oo rem geira dugar til þess að sleppa við hættuleg áhrif.

Um langtíma áhrif af völdum geislunar er lítið vitað, nema helst frá Japan. Margt bendir til þess að þau geti verið alvarleg af geislun á bilinu 5o-3oo rem, en þá mjög einstaklingsbundið. Af þessu má ráða að skjótvirkar brottflutningsáætlanir og góðar geislavarnir geti skipt miklu máli og gert áhrif K-sprengna miklu minni en virðist við fyrstu sýn.

-agé.



Geislavirkt úrfelli frá looo kt.kjarnasprengju. Innan 45o rem geirans látast um 5o% þeirra sem eru óvarðir innan 3 mán. Punktalínan sýnir 5oo rem geira loo kt. sprengju. 5oo rem geiri frá 2o kt. sprengju nær ekki til R.víkur. (mynd úr Dagfara 1.tbl.6.árg.). Minni vindhraði minnkar geirana.



Af þessu stafar okkur hætta við kjarnasprengingu.

Áhrif K-sprengja

Eini möguleikin?

Altalað er að kjarnasprengjum verði beitt svo til stjórnlaust í hugsanlegri styrjöld risaveldanna. Sumir taka svo djúpt á árinni að þeir segja að slíkum vopnum verði beitt þegar í upphafi styrjaldar. Auðvitað getur farið svo og það er einnig hætta á að herstjórnendur ákveði að beita öllum kjarnorkuherafla sínum. En það er rangt að ganga út frá þessu sem eina möguleikanum - þá verða menn ekki undir neitt annað búnir. Styrjaldir eru háðar í ákveðnum tilgangi og með það fyrir augum að valda tjóni, ná ávinningum og komast hjá eigin tjóni. Það er því mun líklegra að venjulegum vopnum verði beitt í styrjöld framan af, en síðan kjarnavopnum og þá fremur til að byrja með, af þeim aðilanum sem halloka fer. Notkun þessara skelfilegu vopna gæti svo farið stigvaxandi með æ hrikalegri afleiðingum. En um leið er hugsanlegt að styrjöld ljúki án þess að til þessa komi. Á þetta allt er bent hér vegna þeirrar tísku sem nú ríkir. Hún felst í því að lofa fólki kjarnasprengju á Keflavík, hún höfð í stærra lagi og svo kyrjað með söngvurunum þekktu: "Þið munuð öll deyja".

Ýmsir möguleikar.

Unnt er að eyðileggja herstöðvar á Íslandi í árásum af sjó með venjulegum vopnum og með notkun meðaldrægra eða langdrægra flugvéla. En notkun kjarnavopna er sannarlega ekki útilokuð. Skoðum nánar áhrif 1 kílótonna, 2o kílótonna, loo kílótonna og looo kílótonna sprengna á SV-land(1 kt. jafngildir sprengimætti looo tonna af venjulegu sprengiefni).
Eyðingaráhrif 1 kt. sprengju ná um 1 km frá sprengistaðnum, en skemmdir og manntjón verða á stærra svæði. 5oo rem - geislunarsvæðið er vindillaga, stefnan undan vindi og það nær um 1o km út frá sprengistað. 5oo rem er magn geislunar sem nægir til þess að 5o% þeirra sem eru óvarðir láta lífið innan 3 mán.

Eyðingaráhrif 2o kt. eru sem hér segir: loo m breiður gígur, allt jafnað við jörðu 5oo m frá sprengistað, rústir og loo% manntjón óvarðra í 1.6 km fjarlægð, stórtjón og töluvert manntjón í allt að 3 km fjarlægð. 5oo rem geislunarsvæðið nær svo um 35 km til einnar áttar. Sprengjurnar í Japan voru 2o og 5o kt.

loo kt. sprengjan veldur stórtjóni og gífurlegu manntjóni í allt að 1o km fjarlægð frá sprengistað. 5oo rem - geislunarsvæðið er um 6o km langt og 5-1o km breitt.

looo kt. sprengjan (1 megatonn) veldur stórtjóni og 5o-loo% manntjóni á um 14o ferkm.svæði, en eyðileggingarsvæðið nær allt að 25 km. frá sprengistað. 5oo rem- geislunarsvæðið er um 85 km að lengd og 1o-15 km breitt, miðað við 15 hnúta vind.

Loftlína frá Keflavík til Reykjavíkur er um 4o km.

-agé.

Átök risavelda jafnvæg

Apríl "74".
Fasistastjórninni í Nató-landinu Portúgal, hrundið frá völdum. Afleiðingin var hnignun Portúgals sem nýlenduveldis.
ÁFALL FYRIR BANDARÍKIN.

September "74".
Keisaranum Haile Selassie, er Bandaríkin studdu, steypt af stóli.
ÁFALL FYRIR BANDARÍKIN.

Apríl "75".
Frelsishreyfingar Víetnam og Kamputcheu sigra leppstjórnir Bandaríkjanna.
ÁFALL FYRIR BANDARÍKIN - PÓLITÍSKUR ÁVINNINGUR FYRIR SOVÉT.

Júlí "75".
"Friðar- og öryggismála ráðstefnan" í Helsinki. Niðurstaða þeirrar ráðstefnu var m.a. að gildandi landamæri í Evrópu væru óumbreytanleg.
PÓLITÍSKUR ÁVINNINGUR FYRIR SOVÉT, ER FÉKK HRÓS FYRIR TILLAG AÐ "FRIÐI OG SLÖKUN SPENNU".

Janúar "75- febr. "76".
Borgarastyrjöld í fyrrverandi nýlendu Portúgals, Angóla. Bandaríkin styðja, FNLA og UNITA, en lagsbræður Sovét, Kúba, veita MPLA mikinn vopnastyrk.
MPLA sigrar.
ÁVINNINGUR FYRIR SOVÉT-ÁFALL FYRIR BANDARÍKIN.

Janúar "78".
Landamærastríð Kamútscheu og Víetnams. Víetnam nýtur pólitísks- og vopnastuðnings Sovét. Víetnam styrkir tökin á Laos.
PÓLITÍSKUR ÁVINNINGUR FYRIR SOVÉT.

Mars og júní "78".
Styrjöldin milli Eþíópíu og Sómalíu endar með sigri Eþíópíu eftir að Sovét ákvað að veita þeim öflugan hernaðarlegan stuðning, m.a. í gegnum kúbanska herflokka. Ráðist er gegn Eritreu.
HERNAÐARLEGUR FRAMGANGUR SOVÉT.

rs 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. m
rs 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. m
rs 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. mars 30. m



Þeir tveir kumpánar sitja í valdastólum á viðsjálum tímum. Annar er fulltrúi svartasta afturhalds og ríkiskapítalisma og felur sig á bak við sósíalíska frasa. Hinn er fulltrúi stórra auðhringa og afturhalds sem felur sig að baki frasa um frelsi, framtak og baráttu gegn kommúnisma. Það er dæmigert fyrir slagsíðu Alþýðubandalagsins og Fylkingarinnar að útmála kosningu Reagans sem tilræði við heimsfriðinn en gleyma að samtímis var Brésneff og allt hans lið endurkosið til forystu í Sovétríkjunum. Þó tökum við ofan fyrir Einari Karli, Hjalta Kristgeirssyni og Hjörleifi Guttormssyni sem allir hafa bent á þessa slagsíðu nýlega.
(Ljósm. NTB, teikn. eftir norska teiknarann M).

Herstyrkur risaveldanna

Sovésk og bandarísk hergögn. Að mörgu þarf að hyggja þegar herstyrkur NATO og Varsjárbandalagsins er borinn saman - staðsetningu samþjöppun, stærð þess hluta sem er í viðbragðsstöðu, stærð varaliðs, tæknigráðu, stjórnunarkerfi hersins ofl. Hér er yfirlit IISS, London og CDI, Washington yfir heri bandalaganna (1980) - úr Newsweek okt. 1980.







	USA/NATO	Sov./Varsj.
Kjarnaspr.	9.582	6.000
Langdr. flaug. með kj.	1.053	1.398
Meðaldr. flaug. m.kj.	18	600
Neðansjá. flaug. m.kj.	800	1.003
Heildarmannafli	6.7millj.	7.1millj.
Viðbúnar herdeildir	95	159
Tilb.varalið-herdeildir.	8	73
Skriðdrekar	27.000	64.270
Stórar sprengj. flugvélar	349	156
Árásar-og orustuvél.	8.760	8.705
Flugmóðurskip	30	4
Beitiskip	30	37
Tundursp/freigát.	164	76
Kjarnavopn.kafbát.	50	87
Stórskotaliðsvopn	22.400	34.000

...anna og ...gi þeirra

Júní "78".
Borgarastyrjöld í Suður-Jemen studd af Sovét og Kúbu. Salim Ruai Ali, sem vildi halda sjálfstæðri stefnu í utanríkismálum er steypt af stóli.
PÓLITÍSKUR FRAMGANGUR SOVÉT.

Janúar "79".
Víetnam gerir skyndiárás í Kampútseu og nær á sitt vald helstu borgunum.
HERNAÐARLEGUR ÁVINNINGUR FYRIR SOVÉT.

Febrúar "79".
Keisari Írans, sem hliðhollur var Bandaríkjunum, hrökklast frá völdum fyrir tilstuðlan Islams-trúaðra byltingarsinna. Tilraun Bandaríkjanna til að frelsa sendiráðsgíslana í apríl "80", mistekst.
PÓLITÍSKT BAKSLAG FYRIR BANDARÍKIN.

Desember "79".
Sovét gerir innrás í Afghanistan eftir að leppstjórn þess átti við vaxandi vanda að etja gagnvart afghönskum andspyrnuhreyfingum.
HERNAÐARÚTÞENSLA SOVÉT, SEM BEITIR NÚ EIGIN HER UTAN VARSJÁRRÍKJANNA.

"79-80".
Borgarastyrjöld í Nicaragua leiðir af sér að Somozaklíkan hrökklast frá völdum.
ÁFALL FYRIR BANDARÍKIN.

"[illegible]".
Stóraukin vopnasala Sovét til Lýbíu. Sovét kemur sér fyrir vopnabúri í Afríku, sem ætlað er til notkunar ef mál þróast líkt og gerðist í Angóla. Lýbía ræðst á Chad.
HERNAÐARLEGUR ÁVINNINGUR FYRIR SOVÉT.

"80".
Bandaríkin koma fyrir nýjum herstöðvum í Sómalíu og Jemen og auka einnig samskipti við Egyptaland.
HERNAÐARLEGUR OG PÓLITÍSKUR ÁVINNINGUR FYRIR BANDARÍKIN.

Með harmleiknum í Víetnam, má segja að heimsvaldasinnaða stórveldið Bandaríkin, hafi náð öldutoppi, hvað snertir jafnvægi stórveldanna beggja í hernaðarmætti og útþennslu. Síðan þá hefur leið þess legið ofan í öldudal, á meðan styrkur Sovét hefur vaxið og nú virðist sem Bandaríkin ætli að fikra sig upp úr dalnum á ný. Spurningin er því, hversu langt komast þau?

Sögulega séð, hafa slíkar breytingar á útþenslu og herstyrk, verið algengur undanfari styrjalda og breytingar sem þessar hafa og geta tekið stuttan tíma. Hver trúði t.d. 1929, að Þýskaland lo árum seinna, væri í stakk búið, til að hertaka næstum alla Evrópu?

Sovétríkin hafa aukið styrk sinn gífurlega á hernaðarsviðinu síðan á 6. áratugnum, með þeirri afleiðingu, að þeir geta ekki brauðfætt fólkið. Skortur á neysluvörum, ásamt öðru, skapar því grundvöll fyrir útþenslustefnu, sem leiðir af sér aukna þörf á vopnaframleiðslu, o.s.frv.

Nokkur söguleg dæmi um reiptog stórveldanna, bera stöðu mála í dag, einna hvað best vitni.

Berezinaæfingin í Sovétríkjunum 1978.

"80".
Sovét reynir að vinna sér sess á ný í Mið-Austurlöndum. Þau koma á hernaðar- og vináttusáttmála milli sín og Sýrlands.
PÓLITÍSKUR ÁVINNINGUR FYRIR SOVÉT.

Þessi listi er all langur eins og sjá má og auðveldlega má draga af honum ályktanir: Síðustu 7 árin hafa styrkhlutföllin milli stórveldanna gjörbreyst og eins og sakir standa í dag, er Sovét skeinuhættara heimsfriðnum. Það má einnig ljóst vera, að tilkoma Reagans í forsetastól Bandaríkjanna, dregur ekki úr stríðshættunni.

Stuðst var við eftirtalin rit:
Arbetar Tidningen.
Röde Fane.
U.S. News and World Report 11/2 "80".

Afstaða Kommúnista samtakanna

Stuttaralegt yfirlit yfir afstöðu Kommúnistasamtakanna í herstöðva- og öryggismálum er sem hér segir:
1. Samtökin eru andvíg hernaðaruppbyggingu og yfirgangi beggja risaveldanna. Þau hafa álitið Sovétríkin um margt hættulegri heimsfriðnum en Bandaríkin vegna þess að Sovétmenn hafa verið að vinna sig upp úr varnarstöðu.
2. Samtökin eru andvíg hinni nýju herskáu stefnu stjórnvalda í Bandaríkj.
3. Samtökin eru andvíg veru Íslands í NATO og dvöl erlenda herliðs hér. Þau eru og andvíg fyrirhuguðum framkvæmdum við mannvirki á vegum NATO, nema þeim sem minnka mengunarhættu eða auka öryggi í ísl. flugsamgöngum.
4. Samtökin eru andvíg öllum viðbótum við herafla Bandaríkjanna á Íslandi.
5. Samtökin vilja stórauknar almannavarnir á öllum sviðum og hafa verið andvíg vopnalausu hlutleysi sem einu landvörnunum. Hins vegar hafa þau ekki komist að niðurstöðu um hvernig öryggismálum skal fyrir komið og telja þá umræðu afar brýna. Samtökin hafa auk þess sagt að alþýða manna yrði að snúast til varnar ef á landið væri ráðist.

6. Samtökin hafa bent á að NATO-varnirnar sem hér eru, séu Íslandi ekki til gagns og einnig hafa þau dregið í efa að þær séu jafn fullkomnar og af er látið.

7. Samtökin hafa stutt starf Samtaka herstöðvaandstæðinga en gagnrýnt þau mjög um leið.

Nýr klofningur

Enn heldur austurblokkin áfram að gliðna sundur. Nú eru það Norður-Kórea og Víetnam sem deila, samband þeirra hríðversnar og þeir sem vel þekkja til reikna með að til algjörra vináttuslita komi fljótlega. Samband Pjongjang við Moskvu verður einnig stirðara.

Ástæðan er sú ætlun Síhanouks prins að taka þátt í samstarfi við hermenn Pol Pots í baráttunni í Kampúcheu. Síhanouk hefur verið persónulegur gestur Kim Il Sungs frá 1979 og hefur fullan stuðning hans í þessari nýju stöðu. Mun það vera ætlun Síhanouks að hafa Pjongjang áfram sem aðalstöð sína.

Norður-Kórea hafði náið samband við Pol Pot bæði meðan á styrjöldinni gegn Lon Nol og Bandaríkjunum stóð og þau fjögur ár sem rauðu khmerarnir sátu að völdum.

Þegar víetnamar réðust inn í Kampúcheu í jan. 1979 fordæmdu N-Kóreanar það harðlega. Þeir hafa hins vegar varast að taka afstöðu með kínverjum í landamæraskærum þeirra við víetnama. En þessi nýju viðhorf í Kampúcheu ásamt þeim mikla stuðningi sem Síhanouk prins fær frá Kína gerir kóreumönnum ókleift að halda áfram jafnvægisgangi milli Moskvu og Peking.
Á ráðstefnu utanríkisráðherra hlutlausu landanna í New Delhi í febr. s.l. kom greinilega í ljós að ekki er allt með felldu í samskiptum Pjongjang og Hanoi, það vakti m.a. athygli að sendisveitir landanna heilsuðust ekki einu sinni.

Blaðamaður sænska blaðadrekans DAGENS NYHETER tók viðtal við utanríkisráðherra Norður-Kóreu Hó Dam á ráðstefnunni. Hó Dam ítrekaði þá kröfu N-Kóreu að allt erlent herlið hverfi frá Kampúcheu og vandamál landsins verði leyst á friðsamlegan hátt.

Norðurkóreumenn hafa ekki haft uppi mikil mótmæli gegn innrás Sovétríkjanna í Afghanistan en þó látið það koma skýrt fram að þeir fordæma hana einnig.
Á Kóreuskaganum spáði Hó Dam aukinni spennu.
-"Dauði Park Chung Hee kom sér vel fyrir alþýðu Suður-Kóreu, er nú hefur ný hernaðarklíka tekið við með aðstoð Bandaríkjanna og Japan," sagði hann. "Við sjáum engann afgerandi mun á einræði Parks eða Chun Doo Hwans. Möguleikarnir á viðræðum um endursameiningu norðurs og suðurs eru engir á meðan Chung situr að völdum.

Samstarf Chun Doo Hwans og Ronalds Reagans boðar illt eitt að mati Hós bæði fyrir Kóreu og heimsfriðinn."

(endursagt úr Dagens Nyheter)

-M.

Flóttafólk frá Víetnam.

40 sagt upp hjá Ú. A. -

Fjörutíu manns - aðallega konum - var fyrir stuttu sagt upp störfum í frystihúsi Útgerðarfélags Akureyringa (ÚA). Uppsagnir þessar voru að sögn stjórnenda fyrirtækisins gerðar vegna þess að frystitæki hefðu ekki lengur undan verkuninni. Talað var um að vonast væri til að hægt yrði að endurráða fólkið eftir nokkrar vikur eða þegar uppsetningu nýrra tækja væri lokið.

Þetta eru heldur þunnildisleg rök, einkum þar sem fyrirtækið hefur enga áherslu lagt á að flýta uppsetningu tækjanna. Hér virðist því fremur liggja að baki harðnandi samkeppni og minnkandi gróði, sem látinn er bitna á verkafólkinu, einkum konunum, sem enn er litið á sem eins konar varavinnuafl.

Fróðlegur er þáttur Verkalýðsfélagsins Einingar í þessu máli, einkum Jóns Helgasonar, sem leikur tvöfalt ef ekki þrefalt hlutverk í þessu máli.

Eigendur ÚA: Akureyrarbær, Eining o.fl.

ÚA er svonefnt almenningshlutafélag, og á Akureyrarbær meirihluta hlutabréfa og skipar þar með meirihluta stjórnar, fjóra af fimm stjórnarmönnum. Þrír af fulltrúum bæjarins eru úr svonefndum vinstrimeirihluta, en það eru þau Soffía Guðmundsdóttir (AB), Sigurður Óli Brynjólfsson (F) og Jón Helgason, formaður Einingar (SFV). Þess má geta að einmitt Vlf. Eining er einn af hluthöfum í fyrirtækinu.

Jón verkalýðs- og atvinnurekandi situr sem fastast.

Þegar uppsagnirnar voru kunngerðar, aðhafðist verkalýðsfélagið ekkert raunhæft. Þótt ýmsar tillögur og hugmyndir hefðu komið upp meðal starfsfólksins var ekkert gert til að leysa málið á einhvern annan hátt en þann að segja upp 40 manns. Þessar hugmyndir gengu m.a. út á það að hægt væri að afnema bónus eða minnka hann í einhvern tíma til að komast hjá uppsögnunum. Önnur hugmynd var að gefa því starfsfólki sem óskaði þess kost á launalausu fríi í 1-4 vikur, svo að hægt yrði að minnsta kosti að fækka uppsögnunum. Þriðja hugmyndin var að lengja hádegismatartímann, til að tóm ynnist til að frysta meira.

Ýmsar aðrar hugmyndir voru uppi, en engin þeirra hlaut náð fyrir augum Jóns Helgasonar, Einingarformanns og stjórnarmanns í fyrirtækinu, og tókst ekki að fá hann til að mæta á vinnustaðarfund í fyrirtækinu, fyrr en eftir að uppsagnirnar voru komnar til framkvæmda. Þar hafði hann lítið til málanna að leggja, fólk yrði bara að þreyja þorrann og vona það besta. Þessi frammistaða Jóns Helgasonar er líklega með eindæmum á landsmælikvarða, og þótt víðar væri leitað.

Akureyri 17/3 - F.

25/3:
Samkvæmt nýjustu fréttum frá Akureyri, urðu málalok þau að konurnar voru endurráðnar.

Hlutverk herstöðvarinnar

framhald af forsíðu

(ekki vegna tækniskorts, heldur vanbúnaðar) og eins eru auðvitað allar varnaráætlanir um leið árásaráætlanir. Ég tel þessa klifun á árásarkerfi NATO gefa skakka mynd af raunveruleikanum vegna þess að enn um sinn er líklegra að Sovétmenn neyðist til að gera árásina, en NATO að taka á móti. Herstöðvaandstæðingar verða að segja satt ef við ætlum að vinna trúnað fólks.

Ari T. Guðmundsson.

Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd

Friðlýsing Norðurlanda sem kjarnorkuvopnalauss landsvæðis er gagnslítið framlag til friðar ein sér. Hættan stafar að litlu leyti frá skipum sem þvælast núna á N-Atlantshafinu og alls ekki af vopnabúnaði á Norðurlöndum. Hún vofir yfir vegna kjarnavopna sem eru beggja vegna Atlantshafsins og á Bretlandi. T.d. eru allar kjarnaflaugar Sovétmanna skamm- og meðal drægar á Kólaskaga og auðséð hvert þær eiga að draga. Auk þess verða friðlýsingar þverbrotnar ef á þarf að halda. Hugsjónin er vissulega góðra gjalda verð, en krafan er vond ef ekki fylgir krafa um samhliða kjarnorkuafvopnun risaveldanna og krafa um skjóta eyðingu kjarnavopnanna á Kólaskaga.

Ari T. Guðmundsson.

Nýtt húsnæði SHA

Verkalýðsblaðið vill vekja athygli á því að Samtök herstöðvaandstæðinga hafa nú um hríð endurvakið nokkra félagsstarfsemi í nýju húsnæði að Skólavörðustíg 1-A í R.vík. Á mánudögum er opið hús með menningarefni en á fimmtudögum umræðukvöld. Ætti þar að vera kjörið tækifæri til þess að skiptast á skoðunum og hleypa lífi í stefnumótunarumræður í SHA sem löngum hafa verið of litlar. Ennfremur er vakin athygli á fréttaog umræðubréfi SHA og Dagfara, en menn geta fengið hvort tveggja með því að skrá sig hjá skrifstofunni og greiða smálús fyrir.



Þegar gróði frystihúsaeigenda minnkar, loka þeir fyrirtækjum sínum og svipta verkafólk vinnu, þar til ríkisvaldið hefur hlaupið undir bagga með þeim.

Alþýðuleikhúsið:

Stjórnleysingi ferst . . . Kona

Duðpakur

Á allra síðustu árum hefur leiklistarstarfssemi blómgast meir hér á landi en nokkur önnur listgrein. Um það vitnar fjöldinn allur af áhugamannaleikhúsum um allt land. Og nú virðist sem höfuðborgarsvæðið sé að blandast í þennan hóp. Nýlega hóf sjálfstæður leikhópur starfsemi sína í Breiðholti og um svipað leyti annar til í Garðabæ. Var enda ekki vanþörf á að hressa svolítið upp á félagslífið í hverfi eins og Breiðholtinu, sem lengi hefur verið utanveltu við hvers konar félags- og menningarlíf.

Eftir að Alþýðuleikhúsið flutti alfarið til Reykjavíkur hefur hagur þess vænkast til muna, þó vissulega hafi það ávallt átt í einhverjum fjárhagserfiðleikum og ekki hefur húsnæðishrakið bætt úr skák. Með starfsemi þess hefur sannast, að fyllilega er grundvöllur fyrir þriðja leikhúsið hér í bæ við hliðina á þeim tveim leikhúsum sem fyrir löngu hafa öðlast fastan sess í okkar menningarlífi. Eiginlega er Alþýðuleikhúsið hálfgert áhugamannaleikhús, því styrkir til þess af hálfu hins opinbera eru sára litlir. Það sem einkennt hefur starfsemi þessa leikhúss umfram önnur er frjálsleikinn samfara brennandi áhuga meðlimanna og oft á tíðum vandað verkefnaval, á meðan stöðnunar hefur gætt hjá stofnanaleikhúsunum.

Alþýðuleikhúsið hefur nú flutt aðsetur sitt í Hafnarbíó og hefur tekist furðanlega að hagnýta sér þær aðstæður, er þar voru fyrir hendi. Þetta húsnæði hefur það á leigu til sumars og verða engar kvikmyndasýningar þar á meðan, þannig að leiktjöld þarf ekki að fjarlægja að lokinni hverri sýningu eins og átti sér stað í Lindarbæ.

Fyrir skemmstu frumsýndi Alþýðuleikhúsið í þessu nýja húsnæði tvö leikrit, bæði eftir Dario Fo. Annað þeirra samanstendur raunar af þremur einþáttungum, sem sameiginlega bera nafnið Kona, en hitt er Stjórnleysingi ferst "af slysförum". Bæði þessi verk sameina bestu eiginleika höfundarins og eru einkennandi fyrir hann sem leikritahöfund; þau fjalla um pólitískt þrætuepli líðandi stundar, þar sem háðinu er beitt miskunnarlaust, en eru umfram allt bráðskemmtileg. Skopið er oft á tíðum á mörkum þess að vera fjarstæðukennt, en þó aldrei á kostnað hinnar þjóðfélagslegu ádeilu.

Stjórnleysingi ferst "af slysförum", byggir á atburðum, er áttu sér stað í Mílanó í desember 1969. Sprengju hafði verið komið fyrir í banka í Piazza Fontana og við sprenginguna létust 16 manns, en 80 særðust. Á sama tíma sprungu 5 aðrar sprengjur í öðrum borgum á Ítalíu. Lögreglustjórinn í Mílanó fyllyrti þegar að hér hefðu vinstri öfgahópar verið að verki og lét m.a. handtaka stjórnleysingja nokkurn og járnbrautarstarfsmann, Giuseppi Pinelli að nafni. Lögreglunni var kunnugt um, að Pinelli var andstæðingur hvers kyns ofbeldis, en hélt honum eigi að síður föngum og eftir þriggja daga yfirheyrslur féll Pinelli út um glugga á fjórðu hæð lögreglustöðvarinnar með þeim afleiðingum að hann beið samstundis bana. Hélt lögreglan því fram að hann hefði framið sjálfsmorð, en þetta mál þótti meira en lítið dularfullt og var lögreglan strax grunuð um græsku. Um síðir komst þó upp um þátt lögreglunnar í þessu máli og að lokum lágu fyrir nægar sannanir til að ákæra lögreglujórann fyrir morð að yfirlögðu ráði. Tæpum þrem árum síðar beið hann bana fyrir utan heimili sitt af völdum byssukúlu frá ókunnum aðila.

Leikritið hefst skömmu eftir að stjórnleysinginn hefur látið lífið og gerist í því herbergi þar sem atburðurinn átti sér stað. Brjálæðingur, sem meðal annars titlar sig prófessor og geðlækni, kemst í hendur lögreglunnar, sem gefst upp á því að yfirheyra þennan furðufugl. Brjálæðingurinn kemst í skjól lögreglunnar viðvíkjandi fyrrgreindu máli. Hann fær áhuga á því og tekst að villa um fyrir lögreglustjóranum og fulltrúum hans með því að þykjast vera dómari, tilkvaddur að æðri yfirvöldum til að rannsaka málefni stjórnleysingjans.

Þráinn Karlsson fór á kostum í hlutverki hins slóttuga brjálæðings, sem óspart notfærir sér einfeldni lögregluyfirvalda. Aðrir leikendur sópuðu líka að sér í hlutverkum sínum, einkanlega þeir Viðar Eggertsson og Arnar Jónsson, sem nú hefur komið aftur til liðs við Alþýðuleikhúsið eftir nokkurt hlé.

Einþáttungana sem bera nafnið Kona samdi Dario Fo í samvinnu við eiginkonu sína, Frönku Rame, sem jafnframt er kunn leikkona. Þeir eru hugsaðir sem liður í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna.

Fyrsti þátturinn heitir Fótaferð og greinir frá verkakonu sem er að flýta sér til vinnu að morgni. Allt gengur á afturfótunum hjá henni; hún þarf að hafa hraðann á til að gefa barninu mat, en það sem verra er: húslyklarnir finnast hvergi. Sólveig Hauksdóttir fór með hlutverk verkakonunnar og skilaði því bærilega.

Annar þátturinn, Ein, er efnismeiri en hinir tveir og tvímælalaust áhrifaríkastur. Þar segir frá borgarastéttarkonu, sem lokuð er inni af eiginmanni sínum - í bókstaflegri merkingu þess orðs. Karlmennirnir, sem hún hefur beint eða óbeint afskipti af, líta einungis á hana sem kynveru og vilja hafa not af henni sem slíkri. Um síðir gerir hún uppreisn gegn þessu karlaveldi. Edda Hólm fór með hlutverk þessarar innilokuðu konu. Hún hefur ekki sést mikið á sviði, en óhætt er að segja, að hún hafi unnið umtalsverðan leiksigur með þessu hlutverki.

Þriðji þátturinn, Við höfum allar sömu sögu að segja, fjallar um menntakonu, sem leikinn er af Guðrúnu Gísladóttur. Þessi þáttur var sístur að dómi undirritaðs, en þar er blandað saman hversdagsleika, absúrdisma og avintýrum. Úr þessu verður hálfgerður hræri-grautur og ekki gott að henda reiður á hvað vakir fyrir höfundi.

Með þessum tveim sýningum hefur Alþýðuleikhúsið enn á ný sýnt og sannað hvers það er megnugt og hvað varðar frískleika og nýbreytni, á samt dirfsku í verkefnavali, tekur það stofnanaleikhúsunum fram.

Að lokum er rétt að vekja athygli á prýðisgóðri barnasýningu, Kóngsdótturinni sem kunni ekki að tala, sem enn er sýnt fyrir fullu húsi. Leikrit þetta er samið til að vekja athygli á málefnum heyrnarskertra, enda geta þeir haft fullt eins mikil not af því og þeir sem heilbrigðir eru.

Og nú er ekki annað eftir en að hvetja lesendur Verkalýðsblaðsins til að skoða þessar sýningar Alþýðuleikhússins og skemmta sér vel.

Dufþakur.



Stjórnleysingi ferst af slysförum

. . . . og Kona eftir Dario Fo.

Utangarðsmenn og The Clash

tónlist

Utangarðsmenn: Geislavirkir

Ferskari, kraftmeiri og umtalaðri hljómsveit en Utangarðsmenn er ekki að finna á Íslandi í dag.
Þeir höfða sérstaklega til yngra fólksins sem kann vel að meta rokk/reaggé-blandaða tónlist þeirra og bitastæða texta. En auðvitað takmarkast tónlist þeirra alls ekki við ákveðinn aldurshóp. Utangarðsmenn eiga erindi til allra.

Þær popphljómsveitir sem bera hvað hæst um þessar mundir, eru The Clash og Utangarðsmenn. Svo skemmtilega vill til að liðsmenn þessara hljómsveita eru róttækir vinstri sinnar. Þeir nýta vel stöðu sína sem snjallir og vinsælir músíkantar.

Fyrir skömmu komu á markaðinn platan "Geislavirkir" með Utangarðsmönnum og plötusamlokan "Sandinista" með The Clash.

Á "Geislavirkir" beina Utangarðsmenn spjótum sínum að ógn kjarnorkusprengjunnar og ameríska hernum á Miðnesheiði. Músíkin er nýbylgjurokk (hart, hrátt og kraftmikið) og -reggae. Bubbi Morthens er, sem fyrr, aðaltromp Utangarðsmanna. Hann er rokksöngvari á heimsmælikvarða, prýðilegur lagasmiður og efni í þokkalegan textasmið. Í Utangarðsmönnum er líka besta "rythma-sveit" (trommur/bassi) landsins. Og bandarísku gítarleikararnir hafa þessa sönnu rokk & ról og reggae-tilfinningu sem íslenska gítarleikara skortir.

"Geislavirkir" er tvímælalaust besta og hressilegasta popphljómplatan sem út hefur komið á Íslandi í mörg ár.

Á "Sandinista" beina The Clash spjótum sínum gegn heimsvaldastefnu og kapítalisma almennt. Nafnið Sandinista er sótt til frelsishreyfingar Nicaraqua. Músíkin á "Sandinista er afskaplega fjölbreytt. Það er djass, rokk, funky o.fl. Reggaeið er þó mest áberandi.

"Sandinista" samanstendur af þremur plötum en er seld á verði einnar. The Clash taka sjálfir á sig kostnaðinn á mismuninum.

j.guð.

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Lausasala:	kr.	4,00
Árgangur:	kr.	60,00
Ársstuðningsáskr.:	kr.	120,00
Árgangur til útl.:	kr.	120,00

Verkalýðsblaðið

3.tbl. 10.árg. 29.3. 1981

Frystihús Norðurtanga h/f á Ísafirði.



Bónusverkfall á Vestfjörðum

Nú er mælirinn fullur hjá starfsfólki frystihúsanna á norðanverðum Vestfjörðum. Í öllum frystihúsunum á þessu svæði (8 að tölu) hafa verið haldnir vinnustaðafundir og alls staðar samþykkt einróma að hætta að vinna í bónus frá og með mánud. 23.mars. Verður aðeins unnið á tímakaupi meðan þetta verkfall stendur. Það þýðir verulega tekjulækkun meðan á verkfallinu stendur. Jafnframt dregur mjög úr afköstunum.

Ekki er að undra, þó þolinmæðin sé á þrotum. Bónussamningar eru búnir að vera lausir í 3 ár og hefur allan þann tíma verið unnið eftir úreltum og ógildum samningi.

Hvers er krafist?

Fréttaritari VBL. spurði Pétur Sigurðsson, formann verkalýðsfélagsins Baldurs og Alþýðusambands Vestfjarða og Karitas Pálsdóttur, trúnaðarmann í Íshúsfélagi Ísfirðinga, hverjar helstu kröfurnar væru.

Pétur nefndi fyrst kröfu um að verkalýðsfélögin fái greiddar verulegar upphæðir frá atvinnurekendum til að geta haft fólk á sínum vegum sem fylgdist með framkvæmd bónusútreikninga. "Frystihúsin hafa ótal sérfræðinga á sínum snærum og framkvæma einhliða bónusútreikninga. Fólkið veit allt of lítið um þessa útreikninga og eftir hverju það vinnur. Hingað til höfum við ekki haft neitt bolmagn til að sinna þessu sem skyldi. Við getum fengið til þessa eftirlits fé, sem ríkisstjórnin veitir á fjárlögum til ASÍ, en það hrekkur skammt. Ef frystihúsin fást til að leggja fram fé, getum við ráðið mann, sem auk eftirlits myndi upplýsa starfsfólkið um bónussamningana og útreikningana", segir Pétur Sigurðsson.

Önnur mikilvæg krafa er, að samráð verði haft við verkafólk um allar meiriháttar breytingar. Karitas sagði, að verulegar breytingar hefðu átt sér stað á tilhögun vinnslunnar Nú væri tölvuvæðingin að byrja og mætti þá búast við mjög víðtækum breytingum, sem kæmu verkafólki svo sannarlega við.

Karitas lagði áherslu á, að með þessari kröfu væri ekki verið að amast við tækninýjungum, síður en svo. Hins vegar þyrfti verkafólk að vera með í ráðum.

Síðast, en ekki síst, ber að nefna kröfuna um, að staðlarnir verði mældir upp aftur. Vinnsluhættir hafa breyst mikið, m.a. við tilkomu nýrra tækja og nýrra pakkninga. Karitas og Pétur töldu bæði, að stóraukin nýting hafi skilað umtalsverðum hagnaði til frystihúsanna og verkafólk fengi þar litla hlutdeild í.

Karitas Pálsdóttir taldi, að ormatíðnin í fiskinum hefði vaxið og t.d. væru kýli á blálöngu mjög til trafala. Allar þessar breyttu aðstæður kölluðu á nýja tímamælingu.

Fiskvinnslustörf lágt metin.

Þau Pétur og Karitas sögðu, að fiskvinnslustörfin væru lágt metin, ef tekið væri mið af tímakaupinu. Tímakaupið hefur dregist aftur úr, ekki síst við síðustu samninga. Að sögn Péturs varði meirihluti samninganefndar ASÍ hlutfallslega lækkun tímakaups í fiskvinnu með þeim rökum, að fólk næði svo háu kaupi í ákvæðisvinnunni. Þarna kæmi berlega í ljós, hvernig ákvæðisvinnan heldur tímakaupinu niðri. Hæsti taxtinn í fiskvinnu (fæst eftir 4 ára starf) er nú 23 krónur og 72 aurar á tímann.

Karitas lagði áherslu á, að borðavinnan væri orðin mjög sérhæft og vandasamt starf, sem fólk væri lengi að ná fullum tökum á.

Stundum er talað um, að laun fari eftir áþyrgð. Fiskvinnslufólk ber í vaxandi mæli áþyrgð á gæðum framleiðslunnar. Ef mikil brögð eru á göllum, missir fólk bónus. Einnig er sagt, að merking umbúðanna sé nú orðin svo fullkomin, að ef galli finnist í fiski, megi rekja af númerum í hvaða frystihúsi og á hvaða borði honum hafi verið pakkað og jafnvel hver hafi pakkað honum. Þessi aukna áþyrgð hefur a.m.k ekki komið fram í tímakaupinu.

Verkfallið bundið við Vestfirði.

Aðspurður sagði Pétur þessa verkfallsöldu einungis vera hér á Vestfjörðum. "Við höfum alltaf haft sér samninga. Tilraunir með bónusvinnu hófust hvað fyrst hér fyrir 2o árum. Nýtingarbónusinn hefur verið hér í 9 ár og fært frystihúsunum mikinn auð", sagði Pétur Sigurðsson að lokum.

22/3 Fréttaritari

Barist fyrir auknu lýðræði framhald af forsíðu

hermálið og jafnréttismál. Þessar tillögur voru flestar ýmist felldar eða vísað frá.

En baráttan heldur áfram.

Vissulega þykir tillöguflytjendum miður, að tillögur þeirra skyldu ekki ná fram að ganga. En við því hafði svo sem enginn búist. Meginmarkmiðið með tillöguflutningnum var að koma af stað víðtækri umræðu um lýðræðið í verkalýðshreyfingunni og í félaginu, og það tókst. Það hlýtur að teljast verulega gott að rúmur þriðjungur þeirra sem mættu á aðalfundi, skyldi standa með tillögunum, þegar þess er gætt, að þeir sem óánægðastir eru með forystuna og störf hennar, halda sig sem fjærst slíkum fundum. Næsta skref í þessari baráttu er því að ná til enn stærri hóps með þessi mál.

Akureyri 17/3 - F.

Blanda og Nordsat



Á að virkja Blöndu? Á að taka þátt í rekstri gervihnattarins Nordsat? Umræða um mál sem þessi gengur liðlega í fjölmiðlum þessa dagana. Fulltrúar ólíkustu skoðana eru margir, en kommúnistar sjást þar hvergi á blaði. Þeir þegja, eru óhressir yfir erfiðleikum hreyfingar sinnar og bíða.

Margir hafa bent kommúnistum á að ein leiðin til þess að vinna hreyfingu þeirra upp á ný sé fólgin í því að skipta sér af þjóðfélagsmálum sem eru ofarlega á baugi. Þarf nú að benda á það? - kann einhver að spyrja. Já - því miður hefur hin unga kommúníska hreyfing eytt of miklum tíma í almennt snakk á kostnað stefnumótunar í jarðbundnari málum.

Litla Blönduvirkjun?

Þorvaldur Örn, úr okkar röðum á Ísafirði, skrifaði grein í Dagblaðið fyrir skömmu um Blönduvrikjun. Hann er andvígur virkjun Blöndu, sumpart vegna náttúruverndar og sumpart vegna erlendra auðhringa sem nýta munu mest af raforku Blönduvirkjunar. Eiga Kommúnistasamtökin að taka upp þessa stefnu?

Mín afstaða er þessi: Það á að leysa íslenskan orkuskort og vernda gróið land með því að reisa mörg miðlungs- og smá orkuver í öllum landshlutum (m.a. við Blöndu). Kostnaðarauka sem af þessu hlýst (miðað við stórvirkjanir) má mæta með því að nýta 4-5 háhitasvæði og auka beitarþol lands sem ekki fer undir vatn. Auk þess samsvara smærri vatns- og gufuvirkjanir mun betur þörfum landshluta en 1-2 stórvirkjanir. Þær kalla líka síður á svindlbrask erlendra hringa og þola mun betur vont verðurfar. Er þetta rétt?

Upp með Nordsat?

Í VBL hefur aðeins einu sinni örlað á umfjöllun um Nordsat, - fyrir fáeinum árum. Sú grein tók afstöðu gegn hugmyndum um norrænan fjarskiptahnött.

Ég var hlynntur þessari afstöðu, en hef skipt um skoðun. Ég tel að okkur gangi mun betur að vernda, efla og þróa fram íslenska menningu ef við beitum sömu tækni og aðrir. Stórþjóðirnar keppast við að koma á loft "sínum" sjónvarpshnöttum sem verða brátt jafn sjálfsagðir með sín "prógröm" um allar jarðir og telexfréttaþjónusta er nú. Róttækir listamenn áhugafólk um framsækna menningu á að styðja Nordsat-áætlunina og einhenda sér í að ráða þar einhverju og búa betur að menningu hér innanlands. Það skiptir sköpum, en ekki aukin einangrun frá Evrópu eða Bandaríkjunum.

-agé.

Orðsending

Töluvert af efni komst ekki fyrir í blaðinu að þessu sinni, t.d. um atvinnulíf á Ísafirði, erlenda atburði, 8. mars o.fl. Lesendur geta hjálpað okkur til að stækka blaðið eða auka útgáfutíðnina á ný með því að koma í sjálfboðavinnu hjá VBL eða greiða áskrift sína án þess að vera rukkaðir sérstaklega um hana (6o kr. á giro 122oo - 9 eða með póstávísun á pósthólf 5186, 125 R.vík).

Við prentun LESBÓKAR féll niður að framhalds er að vænta af greininni "Dauðastríð maóismans..." Það birtist í LESBÓK nr.2 í apríl-tbl. Verkalýðsblaðsins.

Ritn.